

Sögur af menntarýmum, SAM



Veldu stað í skólanum þínum sem þér þykir sérstaklega áhugaverður/örvandi/þýðingarmikill í sögulegu ljósi, í samtíma og/eða til framtíðar litið. Staðinn má líka velja af því að horft hefur verið framhjá honum og honum ekki veitt næg athygli.

Hvaða staðir í skólanum hafa einhverja þýðingu fyrir þig? Hvað er mikilvægt að muna, varðveita, þróa, breyta?

1. Lýstu því hvernig staðurinn er notaður í dag.

- Hvaða aðilar (t.d. kennarar eða nemendur) nota staðinn? Hvaða félagslegu og/eða menntunarlegu athafnir fara þar fram? Hvernig er áþreifanlegt umhverfi á staðnum?

Stilltu því upp sjónrænt með myndum, teikningum og því um líku hvernig staðurinn er notaður í samtímanum.

/ Textaklausum og myndefni er bætt inn á Padlet-síðuna þína í dálkinum *Nú tíð*.

2. Rektu í upptöku eða skrifuðum texta sögu sem hefur/gæti hafa átt sér stað í rýminu einhvern tíma í fortíðinni (t.d. fyrir 20, 50 eða 100 árum).

- Í sögunni þurfa að koma fyrir aðilar (t.d. kennarar og nemendur), félagslegar og menntunarlegar athafnir og lýsing á því hvernig umhverfinu var háttað.

Sýndu sjónrænt með myndum, teikningum og öðru því um líku hvernig þessu var háttað.

/ Textaklausum og myndefni er bætt inn á Padlet-síðuna þína í dálkinum *Fortíð*.

3. Rektu í upptöku eða skrifuðum texta sögu sem gæti átt sér stað í rýminu einhvern tíma í framtíðinni (t.d. eftir 2, 6 eða 10 ár).

- Í sögunni þurfa að koma fyrir aðilar (t.d. kennarar og nemendur), félagslegar og menntunarlegar athafnir og lýsing á því hvernig umhverfinu verður háttað.

Sýndu sjónrænt með myndum, teikningum og öðru því um líku hvernig þessu var háttað.

/ Textaklausum og myndefni er bætt inn á Padlet-síðuna þína í dálkinum *Framtíð*.